

Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
11.2	Guðrún Sigurjónsdóttir	~ 2. JAN. 2019
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFP	St. A	1812032



Akraneskaupstaður
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Stillholti 16-18
300 Akranesi

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 19. desember 2018
Tilv.: VEL18120169/05.57.05

Efni: Ályktun bæjarstjórnar Akraness um fjölgun hjúkrunarrýma - svar

VelferðarráÐuneytið vísar til erindis bæjarstjórnar Akraness, dags. 11. desember 2018, þar sem skorað er á heilbrigðisráðherra að verða við beiðni hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða um fjölgun varanlegra hjúkrunarrýma.

VelferðarráÐuneytið hefur ríkan skilning á erindi bæjarstjórnar en er þó ávallt bundið af fjárlögum og hefur ekki tök á að fjölga hjúkrunarrýmum nema fjárveiting til slíks liggi fyrir.

Höfði, eins og mörg hjúkrunar- og dvalarheimili, hefur látið breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými þar sem það hefur talið þjóna hagsmunum skjólstæðinga betur og á þeim forsendum hefur dvalarrýmum fækkað en hjúkrunarrýmum fjöldað á móti.

Forgangsröðun í fjölgun hjúkrunarrýma ræðst af þörf á hverju svæði fyrir sig. Samkvæmt greiningarvinnu ráÐuneytisins sem liggur til grundvallar framkvæmdaáætlun vegna hjúkrunarrýma 2018-2023, er heilbrigðisumdæmi Vesturlands eitt best setta heilbrigðisumdæmi landsins m.t.t. fjölda hjúkrunarrýma.

Því eru ekki forsendur til að verða við beiðni um að fjölga hjúkrunarrýmum á Höfða að þessu sinni.

Stöðugt mat er í gangi við áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma og ef aðstæður breytast mun ráÐuneytið hafa erindið í huga.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Guðrún Sigurjónsdóttir

Guðlaug Einarsdóttir

Samþykkt 9:0.

Framhald umræðu:

EBr, ELA sem leggur fram tillögu að ályktun bæjarstjórnar Akraness:

Ályktun bæjarstjórnar Akraness um fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, lögð fram á bæjarstjórnarfundi 11. desember 2018.

Á Íslandi er sterkt samfélagslegt ákall um fjölgun hjúkrunarheimila og má þar nefna nýlegar fréttir um alvarlegan vanda Landspítalans vegna aldraðra sjúklinga sem lokið hafa meðferð en er ekki hægt að útskrifa vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Stjórnendur Landspítalans og landlæknir segja að þolmörkum sé náð svo engan tíma má missa.

Mikilvægt er að ríkið standi myndarlega að uppyggingu nýrra hjúkrunarheimila til að mæta vaxandi eftirspurn en hugi ekki síður að bættri nýtingu þeirra hjúkrunarheimila sem þegar eru starfandi og eru ekki að fullu nýtt sem augljóslega sparar bæði tíma og fjármuni. Í þessu sambandi vill bæjarstjórn Akraness vekja athygli heilbrigðisráðherra á þeirri staðreynd að varanlegum rýmum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða hefur verið fækkað úr 78 í 70 á undanfönum árum þrátt fyrir mjög langan biðlista eftir vistun og að Velferðarráðuneytið hefur enn ekki svarað beiðni Höfða frá 28. desember 2016 þar sem óskað er eftir heimild til fjölgunar hjúkrunarrýma.

Bæjarstjórn Akraness skorar á Svandísí Svaravarsdóttur heilbrigðisráðherra að verða án tafar við beiðni hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða um fjölgun varanlegra hjúkrunarrýma.

Ályktunin er send heilbrigðisráðherra og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Valgarður L Jónsson (sign)
Elsa Lára Arnardóttir (sign)
Rakel Óskarsdóttir (sign)
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir (sign)
Kristinn Hallur Sveinsson (sign)
Ragnar B. Sæmundsson (sign)
Rakel Óskarsdóttir (sign)
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)
Einar Brandsson (sign)
Ólafur Adolfsson (sign)

Samþykkt 9:0.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

SKL
87